


Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2017



Skýslastjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Eiríkur J Kjerúlf formaður, Arnheiðarstöðum
Jóhann F Þórhallsson, gjaldkeri Brekkugerði
Anna Bryndís Tryggvadóttir, ritari Skriðuklaustur

Stjórnir sjóðsins funduðu 1 sinnum á árinu. Alls bárust 13 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 6.533.820 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 10.411.977 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn fær hærri styrk en kr 553.000. (8,5% af úthlutun). Umsóknir undir 380.000 kr eru ekki skertar. Á bilinu 380.000 kr til 550.000 kr skerðist upphæð umfram 380.000 kr 35%. Úthlutun styrkja er 4,6% til 8,5% af úthlutu. Tekið skal fram að þessi vinnuregla gildir aðeins fyrir árið 2017. Að hverju sinni verður að haga úthlutun eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2017 varð 5.417.366 kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	4.832.425. kr
Laun og launatengd gjöld	82.249. kr
Reikningsleg aðstoð	485.818. kr
<u>Auglýsingar</u>	<u>16.874. kr</u>
SAMTALS	5.417.366. kr.

Þess má geta að sjóðurinn endurgreiddann virðisaukaskatt að upphæð 222.805 kr. vegna bókhaldskostnaðar.

Framkvæmdir 2017

Eftirfarandi 13 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, og stöðvun gróðureyðingar og sandfoks. Svæðin eru hálsinn innan við Ranaskóg.
- Hrafnkelsstaðir. Áburðardreifing á blásna mela, rofabörð. Svæðin eru Tófuaxlarháls, Lækjardalur og nágrenni Markmið, styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.
- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan Þjóðvegur. Áhersla lögð á svæðið í kringum Bolalæk og ofan túngirðingar. Einnig í girðingu upp af Árnastein og á eldri áburðadreifing Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, svæði í Melgræfum, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs og uppgræðsla mela og ógróins lands í beitarhólfi í neðsta hluta fjallsins.
- Melar. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf, melar, móar, urðir og börð í Melafjalli.
- Brekkuagerði. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Bæjarhjalla sem er beitarhólf ofan við bæinn og þriðja svæðið heitir Fláar og er ofan við girðingar í Brekkugerðisfjalli.
- Víðivallagerði. Svæði sem um ræðir er utan við gömlu skógræktargirðingu út undir Sel, ofan við skóginn í Klifi.
- Skriðuklaustur. Uppgræðsla á skriðu sem féll ofan við Hamtó. Melar milli Sauðabanalækja.
- Droplaugarstaðir. Dreifing úr heyrúllum. Flutningur á heyi úr Fellum. (Teigabóli). Dreifing áburðar til að styrkja staðgróður og dreifing áburðar með grasfræi.
- Brekka. Áreyrar utan við veg að Jökulsá á Hólumum.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi jörðum:

- Vallholt, 3 tonn af áburði borin á 30 ha.
- Hrafnskeisstaðir, 3,6 tonn, 30 ha.

- Arnheiðarstaðir, 6,5 tonn af áburði borin á 25 ha.

- Víðivellir Fremri, 4 tonn af áburði borin á 100 ha.

- Víðavallagerði, 0 tonn, 0 ha.

- Valþjófsstaður 2. 2,4 tonn af áburði borin á 22 ha.

- Bessastaðagerði, 5,4 tonn af áburði borin á 35 ha.

- Eyrarland, 7,2 tonn af áburði borin á 25 ha.

- Melar, 4,5 tonn, 15 ha.

- Skriðuklaustur, 0 tonn, 0 ha.

- Brekkugerði, 6 tonn af áburði borin á 50 ha

- Droplaugarstaðir, 60 kg áburður 45kg fræ.

- Brekka, 0

Samtals var dreift rúmlega 43,2 tonnum af áburði og 45 kg af grasfræi á 332, ha. lands. Öll svæðin eru undir 400 m.h.y.s..

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps

